



FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD

# Rekstur og efnahagur í ferðapjónustu

Rannsóknasvið Ferðamálastofu

Janúar 2020



# Um þessa kynningu

- Fyrri hluti greiningar sem hér fer á eftir byggir einkum á nýlega birtum upplýsingum Hagstofu Íslands um rekstur og efnahag atvinnugreina í íslenska viðskiptahagkerfinu á árinu 2018. Byggir hagstofan á skattframtölum fyrirtækja landsins. Utan mengisins er lyfjaframleiðsla, fjármála- og váttryggingastarfsemi og opinber starfsemi. Í birtingunni er t.d. ekki fyrirtækjarekstur í heilbrigðisþjónustu eða fræðslustarfsemi. Hins vegar eru þar upplýsingar um rekstur og efnahag þeirra atvinnugreina sem til samans mynda heild sem kölluð er einkennandi greinar ferðapjónustu. Í greiningunni sem hér fer á eftir er bæði fjallað um þróun stærða fyrir einkennandi greinar ferðapjónustu sem heildar og nokkrar helstu greinar ferðapjónustu sérstaklega, eftir því sem upplýsingar frá hagstofunni leyfa.
- Rétt er að hafa í huga að gögnin sem að baki liggja eru ekki alltaf fullkomin og að þau eru bráðabirgðatölur. T.d. innihalda tölur hagstofu um farþegaflutninga með flugi ekki bara flug til og frá landinu og innanlands heldur einnig skiptifarþega íslenskra flugfélaga og farþegaflutninga þeirra á milli tveggja staða erlendis, sem hafa ekkert með Ísland að gera. Þá hafa veitingastaðir meirihluta tekna frá landsmönnum, þótt þeir séu einnig órjúfa hluti ferðapjónustu, en birtar eru heildartölur.
- Við hjá Ferðamálastofu viljum mjög gjarna fá frá lesendum ábendingar um bætingu á umfjöllun, villur eða annað sem lesendum dettur í hug. Sendið okkur línu þar um eða annað á netfangið [johann@ferdamalastofa.is](mailto:johann@ferdamalastofa.is).



# REKSTUR FYRIRTÆKJA Í FERÐAÞJÓNUSTU TIL OG MEÐ ÁRINU 2018

BYGGT Á NÝLEGUM GÖGNUM FRÁ HAGSTOFUNNI



FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD



# Fyrirtækjum og launþegum í ferðapjónustu fækkaði árið 2018 - í fyrsta sinn um árabíl

- Þau tíðindi urðu á árinu 2018 að fyrirtækjum í einkennandi greinum ferðapjónustu fækkaði í fyrsta sinn frá fyrra ári svo langt aftur sem gögn okkar ná til eða ársins 2002.
- Fyrirtæki í ferðapjónustu 2018 skv. skattframtölum voru 4.108 talsins og 115 fyrirtækjum eða 2,7% færri en 2017. Mest hlutfallsleg fækkun varð hjá bílaleigum eða 9,6%, 7% hjá hópþingreiðafyrirtækjum og gististöðum fækkaði um 4,5% (hótelum og gistiheimilum 5,7%). Ferðaskipuleggjendum fjölgaði h.v. um 1,8% og veitingastöðum um 1,6%. Óbreyttur fjöldi fyrirtækja starfaði í flugi.
- Launþegum í einkennandi greinum ferðapjónustu fækkaði einnig á milli ára 2018 skv. gögnunum. Það hefur ekki gerst síðan á eftirhrunsárinu 2009. Launþegar töldust 26.912 talsins árið 2018 og hafði fækkað um 224 frá fyrra ári. Hlutfallslega er það mjög hófleg fækkun eða 0,8%.




Heimild: Hagstofa Íslands,  
Ferðamálastofa

Í gögnunum frá hagstofu er fjöldi launþega fyrir hvert ár skilgreindur svo: Meðaltalsfjöldi launþega þá mánuði sem greidd eru laun skv. staðgreiðsluskrá. Ekki er gerður greinarmunur á hlutastörfum og fullum störfum.

# Þrátt fyrir fækkun héldu heildartekjur áfram að vaxa

- Þrátt fyrir að fyrirtækjum í einkennandi greinum ferðaþjónustu hafi fækkað um 2,7% á milli árana 2017 og 2018 jukust heildartekjur þeirra hins vegar um 5,1% á sama tíma.
- Sömu þróun má sjá í viðskiptahagkerfi Íslands í heild. Fyrirtækjum fækkaði um 2,8% milli árana 2017 og 2018 og launþegum fækkaði um 3,7% en tekjur hagkerfsins jukust hins vegar um 6,2%.
- Í ferðaþjónustugreinum jukust tekjur mest í flugi eða 9,1%, hjá ferðaskipuleggjendum 7,3%, hópferða fyrirtækjum 4,2% og í gistingu 3,1% (hótel og gistiheimili 4,1%). Tekjur bílaleiga drógust hins vegar saman um 1,2% og hjá veitingastöðum um 1%.
- Ferðaþjónustufyrirtæki sem heild hafa náð sleitulausum vexti tekna ár frá ári allt það tímabil sem þessi greining nær til, allt frá árinu 2002.

Þróun tekna og tekjuvaxtar í ferðaþjónustu 2002-18




Heimild: Hagstofa Íslands,  
Ferðamálastofa

# Rekstrarerfiðleikar í farþegaflugi lita mjög afkomu ferðagreina sem heildar...

- Hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) af tekjum í einkennandi greinum ferðaþjónustu er vaxandi og nálægt arðsemi hagkerfisins 2014-2016.
- Árin 2017-2018 hriðlækkar arðsemi þessara greina sem heildar. Árið 2018 er EBIT% komin niður í 0,9%, úr 8,6% 2016. Hlutfall hagkerfisins 2018 er 7,8% og 14,4% í sjávarútvegi.
- Meginástæður minni arðsemi 2017-18 eru vandræði í flugrekstri. Aðrar ferðagreinar stóðu mun betur (næsta glæra) en sterkari króna og hækkun rekstrarkostnaðar snerti þær allar.
- Taprekstur í flugi er alveg sér á parti 2018. EBIT% þess mælist -8,6% það ár. Ef tekið er einfalt meðaltal EBIT hlutfalls annarra ferðagreina á sama ári nemur það 7,8%, sama og fyrir viðskiptahagkerfið í heild.
- Rétt er að taka fram að í gögnum hagstofu eru öll íslensk flugfélög sem flytja farþega, hvort sem þau flytja þá til/frá og innan Íslands eða ekki. Rekstrarleg áhrif pílagrímaflugs koma því t.d. þar fram sem og skiptifarþega.
- Meðalarðsemi ferðaþjónustugreina 2014-18, mælt með EBIT af tekjum, er um 5,8%. Í flugi er hún 1,9% en öðrum ferðagreinum 8,5%. Í sjávarútvegi er hún 15%, 9% í byggingariðnaði og 4% í smásöluverslun og málmframleiðslu.


EBIT/tekjur í viðskiptahagkerfinu og nokkrum megingreinum 2014-18



Heimild: Hagstofa Íslands,  
Ferðamálastofa

## ...en stakar greinar ferðapjónustu skila betra búi

- Arðsemi gistingar náði hámarki 2016 í 15,2% en hafði lækkað í 9,3% 2018. Meðalarðsemi fimm ára var 11,1%. Mjög svipuð þróun sést hjá veitingastöðum. Þeir toppa 2016 í 7% en fara niður í 3,6% 2018; meðalarðsemi 4,8% EBIT 2014-18.
- EBIT hlutfall bílaleiga óx 2014-16, þegar það fór í 15,5% en lækkaði í 9,5% 2018. Meðalarðsemi 12,5%. Rekstur hópferða fyrirtækja hefur farið dalandi. EBIT 2018 var 2,8%, meðaltal 5,2%.
- Flug toppar 2015 í 8% EBIT en komið í -8,6% 2018, eina greinin með neikvætt EBIT. Meðalarðsemi 2%.
- Arðsemi ferðaskrifstofa hækkaði 2018 á milli ára, úr 7,7% í 9%. Þær sýna líka stöðugustu arðsemina í ferðapjónustu sl. fimm ár. Meðal EBIT% var 8,7%.




Heimild: Hagstofa Íslands,  
Ferðamálastofa

# Nettótap í ferðapjónustu (með flugi) og málmframleiðslu en aðrar megingreinar í plús

- Ef horft er til nettóhagnaðar eru einkennandi greinar ferðapjónustu með flugi reknar með tapi 2018 sem nemur -1,3% af tekjum, sem og málmframleiðsla (-1%), m.v. gögn hagstofu. Nettóarðsemi fer hratt lækkandi frá 2016 líkt og á fyrri glæru (EBIT/tekjur) og einkum af sömu ástæðu – fluginu. Aðrar greinar ferðapjónustu skiluðu mun betra búi (sjá næstu glæru).
- Nettóarðsemi viðskiptahagkerfisins í heild hefur einnig farið lækkandi á þessum tíma, úr 10,3% 2016 í 6,3% 2018.
- Meðalhagnaður ferðapjónustu 2014-18 er um 3,4%. Án flugs er einfalt meðaltal ferðagreina 4,1%. Í sjávarútvegi er hann 13,8%, 6,3% í byggingariðnaði, 4,8% í smásöluverslun og 2,8% í málmframleiðslu.
- Hagnaðarhlutfall hagkerfisins 2018 var 6,3%. Meðaltal ferðapjónustu að fluginu undanskildu nam 3,2% en í fluginu -7,9%. Hlutfallið var 14,2% í sjávarútvegi, 5,0% í byggingariðnaði, 4,0% í smásöluverslun og -1,0% í framleiðslu málma.

Nettóhagnaður/tekjur í viðskiptahagkerfinu og nokkrum megingreinum 2014-18




Heimild: Hagstofa Íslands,  
Ferðamálastofa





# Þó jákvæður en lækkandi nettóhagnaður í öllum greinum ferðaþjónustu nema flugi og hópferðum


- Flugið er alveg sér á parti í ferðaþjónustu; rekið með nettótapi 2018 (-7,9%) og á núlli 2017. 2017 var hagnaðarhlutfall WOW orðið -4,5% en Icelandair skilaði +2,7%. Á fyrstu 9m 2018 skilaði WOW -7,4% tapi og Icelandair tapaði -3,7% af tekjum á árinu.
- Nettóhagn. gistingar toppaði 2016 í 9,8% en hafði lækkað í 3,3% 2018. Meðalarðsemi fimm ára er 5,4%.
- Veitingastaðir toppa 2016 í 4,5% en eru komnir niður í 1,4% 2018, með meðalhagnað 3,0% 2014-18.
- Hagnaðarhlutfall bílaleiga náði hámarki í 6,6% 2016 en hafði lækkað í 2,2% 2018. Meðalarðsemi 2014-18 er 4,0%.
- Hópferðafyrirtæki á niðurleið sl. fimm ár. Hagn. % þeirra 2018 var -0,6% og 2017 var á núlli. Meðalhagn. sl. fimm ár 2,4%.
- Nettóhagn. bóknar var 5,5% 2018 en verst 2016 (3,2%). Skera sig úr að þessu leyti. Meðalhagn. 2014-18 er 5,6%.



Heimild: Hagstofa Íslands,  
Ferðamálastofa

# Þróun helstu þátta rekstrarkostnaðar í einkennandi greinum ferðapjónustu 2014-18 (utan flugs)

- Launakostnaður hefur farið hækkandi hjá fyrirtækjum í ferðapjónustu (utan flugs) á hverju ári síðustu fimm ár. 2014 nam hann 26 aukum af krónu sem aflað var en á árinu 2018 var hlutur launa orðinn 31,5%.
- Annar rekstrarkostnaður, einkum vöru- og hráefnisnotkun, lækkar hlutfallslega 2014-16 en frá árinu 2016 hækkar hann einnig. Hækkandi hlutfall kostnaðarpátta hefur leitt til lækkandi arðsemi í ferðapjónustugreinum.
- Árið 2018 voru fyrirtæki í greinunum – að fluginu undanskildu - rekin með nettóhagnaði sem nam 3,2% af tekjum að meðaltali skv. skattframtölum en höfðu verið með 5,8% nettóhagnað af tekjum aðeins tveimur árum fyrr, á árinu 2016. Það var raunar arðsamasta árið í geiranum svo langt aftur sem tölur okkar ná, eða til ársins 2002.




Heimild: Hagstofa Íslands,  
Ferðamálastofa



# Arðsemi eiginfjár í ferðaþjónustu yfir meðaltali hagkerfis – að fluginu undanskildu

- Arðsemi þess eigin fjár sem bundið er í viðskiptahagkerfinu og megingreinum þess hefur almennt lækkað síðan 2016. Lækkunin er áberandi mest í ferðaþjónustugreinum, sbr. myndina hér til hliðar en enn og aftur þarf að hafa í huga að rekstarvandræði í flugi lita þá mynd mjög mikið
- Ferðaþjónustan sýndi í heild neikvæða arðsemi eiginfjár á árinu 2018, -6,5%, ásamt málmframleiðslu, -1,1%. Einfalt meðaltal ferðagreina utan flugsins var h.v. 11,8%, yfir meðaltali hagkerfisins, en flugið sýndi -50,5% arðsemi. Á sama ári náði byggingariðnaður 18,5% arðsemi, smásöluverslun 16,3% og sjávarútvegur 15,6%. Viðskiptahagkerfið í heild sýndi 9,3% arðsemi eiginfjár.
- Til samanburðar var arðsemi eiginfjár í ferðaþjónustu á árinu 2015 42,0%, í byggingariðnaði 34,1% og sjávarútvegi 24,6%. Viðskiptahagkerfið 2015 náði 16,4% ávöxtun á eiginfé.




Heimild: Hagstofa Íslands,  
Ferðamálastofa

# Arðsemi eiginfjár ásættanleg í ferðagreinum nema flugi, hópferðum og etv. gistiþjónustu 2018

- Arðsemi eiginfjár var áberandi hæst hjá bílaleigum á árunum 2014-16, að meðaltali 108% á ári. Mikið fall varð á árinu 2017 þegar arðsemin reyndist 3,8%. Á árinu 2018 vænkaði hagur þeirra heldur á ný þegar arðsemi eiginfjár var 14,3%. Fimm ára meðaltal bílaleiga er 68,7%.
- Hæstu arðsemi á árinu 2018 sýndu ferðaskrifstofur eða 24,7%. Þær hafa náð tveggja stafa arðsemi öll fimm árin með meðaltal upp á 24,5%.
- Veitingastaðir náðu 14,8% arðsemi 2018 og 37,6% að meðaltali á fimm árum.
- Rekstur gististaða skilaði 8,6% 2018 en 30,1% að meðaltali 2014-18.
- Hópferðafyrirtæki búa við síversnandi rekstur á síðustu árum, sem skilaði -3,4% arðsemi 2018. Meðaltal 2014-18 er 11,6%.
- Flugið er alveg sér á báti hér sem annars staðar í arðsemi: Hún var -50,5% 2018 og 0,3% 2017 en 41,7% að meðaltali 2014-16.

Arðsemi eiginfjár í helstu greinum ferðapjónustu 2014-18




Heimild: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa

# Helstu atvinnuvegir hafa styrkt fjárhag sinn jafnt og þétt síðustu ár

- Helstu atvinnuvegir landsins hafa aukið eiginfjárstyrk sinn jafn og þétt þann rúma áratug sem liðinn er frá hruni, einnig síðustu árin. Ferðaþjónustan hefur þó gefið eftir í þessu efni síðan 2016 vegna taps í farþegaflugi.
- Eiginfjárhlutfall í smásöluverslun var 52,1% 2018, hafði hækkað úr 42,2% 2014. Eiginfjárbáttur sjávarútvegs nam 43,3% af efnahag 2018, hafði hækkað úr 35,0% 2014. Í byggingariðnaði var 24,2% eiginfé 2018, hafði hækkað úr 16,8% árið 2014. Hlutfallið í hagkerfinu að meðaltali 2018 var 43,4%.
- Hlutfall eiginfjár af heildarfjármögnun var lægst í einkennandi greinum ferðaþjónustu af þeim meginatvinnuvegum sem hér eru sýndir. Það var 22% 2018 og hafði lækkað úr 23,2% árið 2014 (sjá næstu glæru um % án flugsins).
- Rétt er að fara varlega við samanburð á milli eiginfjárhlutfalla atvinnuvega. Eiginfjárbörf og bókfærð verðmæti eru mismunandi sem og möguleikar til veðsetningar eigna við lántöku.


Eiginfjárhlutfall í viðskiptahagkerfinu og nokkrum megingreinum 2002-18



Heimild: Hagstofa Íslands,  
Ferðamálastofa

# Ferðagreinar hafa gefið eftir vegna flugsins...


- Fjárstyrkur íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja fór heldur lækkandi á árunum fyrir hrun. Árið 2007 var eiginfjárlutfall fyrirtækja í ferðaþjónustu að meðaltali aðeins um 13%. Til samanburðar var það 32,0% í viðskiptahagkerfinu í heild það ár.
- Hrunið 2008 slengdi eiginfé ferðaþjónustufyrirtækja yfir í háar neikvæðar tölur að meðaltali eins og hjá mörgum öðrum greinum. Bókfært eiginfjárlutfall þeirra í árslok 2008 var -7,7%.
- Fjárstyrkur ferðaþjónustufyrirtækja fór mjög hratt vaxandi á árunum 2009-16. Árið 2016 var eiginfjárlutfall í ferðaþjónustu orðið 28,6% en í viðskiptahagkerfinu í heild var það þá 43,5%.
- Frá 2016 hefur eiginfjárlutfall í ferðaþjónustu farið lækkandi og var komið niður í 22% 2018. Á stærstan hlut að máli tap í flugrekstri. Í flugi mældist eiginfjárlutfallið 10,9% 2018 en í öðrum ferðagreinum 25,1% að meðaltali.



# ...en flestar þeirra hafa raunar haldið áfram að styrkja sig

- Glögglega má sjá að það er einkum flugið sem dregur niður fjárstyrk einkennandi greina ferðaþjónustu frá 2016. Eiginfjárhlutfall 2018 var 10,9%, lækkun úr 28,0% 2014 eða um 61%.
- Eiginfjárhlutfall ferðaskrifstofa var 42,3% 2018 og hafði hækkað úr 36,4% árið 2014.
- Fyrirtæki í gistingu voru að meðaltali fjármögnuð 27,5% með eiginfé 2018, samanborið við 13,8% 2014, sem er u.þ.b. tvöföldun eiginfjárhlutfalls.
- Í veitingasölu var hlutfallið 21,2% 2018, svipað og 2014 þegar það var 20,2%.
- Hjá bílaleigum var eiginfjárhlutfallið 12,5% 2018, hafði hækkað úr 5,1% 2014 eða nærri því 1,5 sinnum. Hjá hópferðafyrirtækjum var eiginfé 22% 2018. Hefur það lækkað ár hvert síðan 2013 þegar það nam 38,8%.
- Rétt er að fara varlega við samanburð á milli eiginfjárhlutfalla ólíkra greina ferðaþjónustu. Eiginfjárpörf þeirra er mismunandi sem og möguleikar til veðsetningar eigna við lántöku.

Þróun eiginfjárhlutfalls í helstu greinum ferðaþjónustu 20014-18




Heimild: Hagstofa Íslands,  
Ferðamálastofa



# Lítill stækkun ferðaþjónustufyrirtækja þrátt fyrir minnkandi hagnað á einingu

- Ferðaþjónustufyrirtæki hafa lítið stækkað að meðaltali á Íslandi á liðnum árum. Meðalfjöldi starfsmanna var 4,9 árið 2003, 5,9 árið 2013 og var kominn í 6,6 árið 2018. Á fimmtán árum höfðu því íslensk ferðaþjónustu fyrirtæki stækkað um aðeins 1,7 starfsmenn að meðaltali.
- Með tiltölulega sterkri krónu, sem er allt eins líkleg til að vera sterk næstu ár, og hækkandi rekstrarkostnaði hefur arðsemi ferðaþjónustu fyrirtækja lækkað síðustu tvö ár, þótt flugið sé undanskilið. Þessi þróun er hvati til hagræðingar, m.a. með stækkun fyrirtækja.
- Mismunandi er eftir greinum ferðaþjónustu hversu mikilli hagræðingu má ná með stækkun rekstrareininga en að jafnaði nýtist fastur kostnaður betur og sérfræðipækking eykst.
- Hins vegar er hugsanlegt að aðrir þættir séu ekki síður mikilvægir fyrir arðsemi fyrirtækja í ferðaþjónustu en stærð og gengi ISK. Þar má nefna sjálfvirknivæðingu þjónustu og fækkun milliliða á milli fyrirtækja og viðskiptavina.



Einfalt meðaltal einkennandi greina ferðaþjónustu fyrir utan flug. Í gögnunum frá hagstofu sem liggja til grundvallar útreikningi á meðalfjölda launþega á fyrirtæki og hagnaði á starfsmann er fjöldi launþega fyrir hvert ár skilgreindur svo: Meðaltalsfjöldi launþega þá mánuði sem greidd eru laun skv. staðgreiðsluskrá. Ekki er gerður greinarmunur á hlutastörfum og fullum störfum.

Heimild: Hagstofa Íslands,  
Ferðamálastofa



# NOKKUR ATRIÐI UM LIÐIÐ ÁR




FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD



# Fjöldi ferðamanna - Ísland

- Óhemjumikið vaxtartímabil að baki í íslenskri ferðaþjónustu – að minnsta kosti í bili.
- Erlendum ferðamönnum hefur árlega fjölgað um háar tveggja stafa prósentur (18 – 40%) á árabílinu 2011–2017, eins og sjá má á myndinni til hægri.
- Erlendir ferðamenn voru um 459 þúsund árið 2010 en voru orðnir 2.316 þúsund á toppárinu 2018 – sem er 405% heildarfjölgun og 22% árlegur meðalvöxtur í átta ár.
- Skörp skil urðu á árinu 2018. Þá fjölgaði ferðamönnum aðeins um 5% milli ára.
- Í lok mars 2019 varð flugfélagið WOW gjaldþrota og með því fór mikill fjöldi flugs til og frá landinu forgörðum, þrátt fyrir viðleitni Icelandair ofl. til að bæta úr. Þrotið átti stóran þátt í því að erlendum ferðamönnum til Íslands fækkaði um rúm 14% frá fyrra ári – og fyrsta samdráttarárið frá 2010 var staðreynd.

Áætlaður fjöldi ferðamanna um KEF og breyting á milli ára 2009 - 2019




Heimild: Isavia, Ferðamálastofa



# Fjöldi ferðamanna - Alþjóðlega

- Á myndinni til hliðar má sjá greiningu Alþjóðaferðmannastofnunar SP (UNWTO) á raun breytingu fjölda erlendra ferðamanna eftir heimssvæðum á árunum 2018 og 2019.
- Eins og sjá má er það mat UNWTO að dregið hafi úr vexti ferðaþjónustu í fyrra m.v. 2018, m.a. í Evrópu (Brexit, stöðnun hagkerfa).
- Heimurinn og Evrópa eru í takt á myndinni en nefna má að Evrópuland er áfangastaður í um helmingi allra ferðalaga erlendra ferðamanna á heimsvísu.
- Árin 2017 og 2018 voru raunar mikil vaxtarár ferðaþjónustu, með 7% og 6% vöxt.
- Vöxturinn 2019 var þó umfram hagvöxt, sem er metinn 2,9% á heimsvísu skv. AGS og aðeins 1,2% á evrusvæðinu.

Breyting á komum erlendra ferðamanna eftir svæðum á árunum 2018 og 2019 m.v fyrra ár



Source: World Tourism Organization (UNWTO) ©

\* Provisional data


Heimild: UNWTO



# Gengið

- Toppár ferðapjónustunnar hingað til var 2016.
- Seinni hluta þess árs styrktist gengi ISK mikið. Gengisvísitalan hækkaði um rúm 12% frá miðju ári til ársloka.
- Fyrstu mánuði ársins 2017 styrktist gengið áfram: Í byrjun hávertíðar í júní hafði það styrkst um rúm 20% frá miðju ári 2016. Menn svitnuðu.
- Hins vegar veiktist krónan aftur hratt yfir sumarmánuðina 2017 og endaði árið á svipuðum stað og hún byrjaði það.
- Gengi ISK hélst nokkuð stöðugt fram til hausts 2018 þegar snörp veiking varð, m.a. vegna áhyggna af kjarasamningum og WOW.
- Síðan hefur krónan verið býsna stöðug og á svipuðum stað og hún var um mitt ár 2016.
- Gengið skv. GVT var að meðaltali 9% veikara árið 2019 en árið 2018 og á sama stað og árið 2016 að meðaltali.

## Þróun gengisvísitölu ISK, dollars, evru og punds 2016 -2019




Tölur fyrir ofan mynd sýna meðalgengisvísitölu ISK hvert ár og prósentubreytingu hennar frá fyrra ári í sviga.

Heimild: Seðlabanki Íslands, Ferðamálastofa

# Tekjur – VSK velta

- Ef flugið er undanskilið minnkaði VSK-skyld velta í atvinnugreinunum á myndinni hér til hliðar aðeins um 0,5% milli ára á fyrstu 10 mánuðum ársins 2019.
- Verður það að teljast gott á sama tíma og ferðamönnum fækkar um 14,7% skv. talningu (ath. fyrstu 10 mánuðir ársins).
- Tekjur ferðaþjónustugreina héldu skv. ofangreindu mun betur sjó á árinu 2019 en óttast var eftir fall WOW.
- Mestur tekjusamdráttur mælist hjá bílaleigum og hópferðafyrirtækjum en ferðaskrifstofur auka tekjur sínar.
- Rétt er að hafa í huga að viðskiptavinir veitingasölu eru að stórum hluta Íslendingar svo að ástandið í hagkerfinu hefur ekki síður áhrif á tekjur hennar en ferðaþjónusta.

## Breyting VSK veltu í ferðaþjónustugreinum jan-okt 2019 m.v. sama tíma 2018




Heimild: Hagstofa Íslands,  
Ferðamálastofa



# Tekjur – Kortavelta (eftir útgjaldaliðum)

- Kortavelta erlendra ferðamanna mæld í íslenskum krónum dróst saman um 2,3% á fyrstu 11 mánuðum ársins 2019 skv. Rannsóknarsetri verslunarinnar.
- Því virðast erlendir ferðamenn hafa varið meiru fé á haus í krónum talið hér á landi skv. kortaveltutölum árið 2019 en árið áður.
- Skv. tölunum var meðalvelta á ferðamann rúmar 117 þkr. á 11m 2019 m.v. rúmar 102 þkr. árið 2018 – sem er 14,4% hækkun.
- Á því geta verið skýringar eins og:
  - Krónan um 9% veikari að meðaltali 2019 m.v. GVT. Ef ferðamenn verja sömu upphæð hér á landi í heimamynt sinni árið 2019 og árið áður kemur það út sem 9% aukning í ISK talið.
  - Lengri meðaldvalartími ferðamanna: Þeim sem dvelja styst fækkar mest og þeim sem dvelja lengst fjölgar.
  - Betur borgandi ferðamenn? WOW air, meiri einstaklingsferðir 2019 en 2018, ofl.




Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Ferðamálastofa

# Tekjur – Kortavelta (eftir þjóðernum)

- Eins og við var að búast minnkaði kortavelta hér á landi mest hjá þeim þjóðum árið 2019 sem fækkaði mest, Bandaríkja- og Kanadamönnum.
- Hins vegar minnkar kortavelta þeirra mun minna en nemur fækkun þeirra, sbr. breytinguna í fjölda ferðamanna á fyrstu 11m 2019 eftir þjóðernum fyrir ofan myndina til hægri.
- Athyglisvert er líka að þrátt fyrir að Bretum og Þjóðverjum fækki nokkuð á milli ára auka þeir umtalsvert kortaveltu sína hér á landi frá fyrra ári.
- Mesta samræmið er í tölunum fyrir Kínverja, sem fjölga um 13% milli ára og velta 9% meiru hér á landi.

Breyting kortaveltu stærstu þjóðerna ferðamanna jan-nóv 2019 m.v. sama tíma 2018



Prósentur fyrir ofan mynd sýna breytingu í fjölda ferðamanna eftir þjóðernum á 11m 2019 m.v. sama tíma 2018

Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Ferðamálastofa

# Útgjaldapróun ferðamanna alþjóðlega


- Það er athyglisvert að bera breytingar í kortaveltu erlendra ferðamanna hér á landi saman við metnar breytingar í útgjöldum ferðamanna á alþjóðavísu.
- UNWTO birtir reglulega greiningu á ýmsum þáttum ferðaþjónustu sem áhugavert er að fylgjast með þar sem íslensk ferðaþjónusta vinnur á mjög alþjóðlegum markaði.
- Á myndinni til hægri má sjá útgjöld ferðamanna hjá 10 eyðslumestu þjóðunum á fyrstu 9m 2019 (6m fyrir Kína og Bretland).
- Þar má sjá að þeir hafa almennt aukið útgjöld sín umtalsvert frá fyrra ári. Frakkar mest, um 10% og hinar stóru ferðaþjóðir Íslendinga, Bandaríkjamenn, Bretar og Þjóðverjar, um 3-6%. Kínverjar draga h.v. úr útgjöldum sínum um 4% á milli ára skv. tölum UNWTO.

## Breyting á útgjöldum eyðslustærstu ferðaþjóða heims á 9m 2019 frá fyrra ári

International Tourism Expenditure, 2019 YTD\*

World's Top 10 Spenders

(real % change over same period of 2018)



Source: UNWTO

\*Provisional data for first 9 months of 2019 (China and UK: 6 months)

Heimild: UNWTO






# Rekstrarkostnaður

- Helstu kostnaðarþættir í rekstri fyrirtækja á Íslandi hækkuðu á árinu 2019.
- Mest hækkuðu laun, í kjölfar kjarasamninga, um tæp 5% að meðaltali frá fyrra ári.
- Almennur kostnaður hækkaði um 3% að meðaltali miðað við vísitölu neysluverðs.
- Byggingarvísitala hækkaði um 4% 2019.
- Á sama tíma drógust tekjur ferðagreina lítillega saman m.v. upplýsingarnar að framan þótt flugið sé undanskilið. Það er vísbending um einhverja lækkun arðsemi á milli ára.
- Við vitum hins vegar að fyrirtæki í ferðaþjónustu unnu að hagræðingu í rekstri á árinu 2019, með fækkun starfsfólks, einfaldara þjónustuframboði, ódýrari markaðssetningu o.s.frv. Það vinnur á móti.
- Áhugaverð spurning er hvort hagræðingin hafi náð að vega upp kostnaðarhækkun og einhvern tekjusamdrátt á árinu 2019. Það kemur brátt í ljós!

Breyting á helstu kostnaðarvísitölum á árinu 2019 m.v. fyrra ár



Meðalgildi vísitölu á hvoru ári. Breyting launavísitölu byggir á fyrstu 11 mánuðum 2018 og 2019 en hinna vísitalnanna á heilum árum.

Heimild: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa

# HORFUR



FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD



# Horfur á nýhöfnu ári alþjóðlega

- Spá UNWTO fyrir 2020 er fremur varfærin og í línu við rauntölur ársins 2019.
- Eins og sjá má á töflunni er fjölgun ferðamanna í lægri kantinum bæði 2019 og 2020 skv. spá miðað við síðasta áratug að meðaltali.
- Stofnunin tiltekur sérstaklega um 2020 að óvissa um framgang og áhrif Brexit geti haft neikvæð áhrif í Evrópu og utan líkt og í fyrra. Einnig nefnir hún mögulega hægingu hagkerfa, pólitískar væringar og viðskiptadeilur.
- Jákvæð áhrif á árið gætu haft þættir á borð við hávaðalaust og mjúkt Brexit, nýr viðskiptasamningur á milli BNA og Kína og nokkrir meiriháttar alþjóðlegir íþrótta- og menningarviðburðir á áruni, skv. UNWTO.
- Spá AGS 2020 er um lítilsháttar aukningu hagvaxtar á heimsvísu, 3,3%, og aðeins 1,3% á evrusvæðinu.

Spá UNWTO um breytingu í komum erlendra ferðamanna 2020 m.v. fyrra ár og rauntölur fyrir 2019 og áratuginn 2009-19

	2019	2009-2019	2020
Heimur	3,8%	5,1%	3-4%
Evrópa	3,7%	4,6%	3-4%
Asía/Kyrrahaf	4,6%	7,1%	5-6%
Ameríka	2,0%	4,6%	2-3%
Afríka	4,2%	4,4%	3-5%
Miðausturlönd	7,6%	2,7%	4-6%

Heimild: UNWTO



FERDA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD

# Horfur hér heima

- Meðal annars í ljósi jákvæðs viðskiptajöfnuðar, og sterkrar eignastöðu má alveg gera ráð fyrir að krónan sé ekki að fara að veikjast að marki næstu misseri – þótt það að spá fyrir um krónuna sé raunar eins og að spá fyrir um veðrið nokkra mánuði fram í tímann...
- Isavia spáir nú nokkurn veginn óbreyttum fjölda erlendra ferðamanna á árinu 2020 m.v. fyrra ár. Innlendum fækki um 7-8%.
- Það er harla gott ef gengur í ljósi þess að WOW flutti ferðalanga til landsins fyrstu þrjá mánuði ársins 2019.
- Ein launahækkun mun eiga sér stað 1. apríl 2020. Horfur um lága verðbólgu.
- Hagræðingaraðgerðir fyrirtækja munu líklega skila sér af meiri þunga 2020 en í fyrra.
- Fær nýtt flugfélag að koma út að leika?
- **Að óbreyttu gæti vel ásættanlegt ferðaár verið hafið.**

Farþegaspá Isavia fyrir árið 2020  
frá 23. desember 2019 og rauntölur 2019

	2019	2020	Breyting
Brottfarir	2.610.652	2.585.005	-1,0%
Komur	2.602.589	2.567.316	-1,4%
Skipti	2.019.001	1.527.988	-24,3%
Samtals	7.232.242	6.680.309	-7,6%

Heimild: Isavia, Ferðamálastofa




FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD

# Langtímahorfur

- Ekki hefur verið mikið um langtímaspár um íslenskt hagkerfi eða atvinnuvegi.
- Þjóðhagsspár gjarna til þriggja ára.
- Farþegaspá Isavia til eins árs.
- Ánægjuleg undantekning frá þessu er ferðamannaspá íslenska verðbréfafyrirtækisins Arev, sem fyrirtækið uppfærir að jafnaði mánaðarlega og birtir á heimasíðu sinni.
- Spáin nær sem stendur til ársins 2030 og sýnir 12 mánaða hlaupandi meðaltal fjölda ferðamanna, sögulega og spágildi.
- Ferðamálastofa tekur að sjálfsgöðu enga ábyrgð á spá Arev en í ljósi þess að hún er eina langtímaspáin sem til er um fjölda ferðamanna sýnum við hana hér.
- Arev segist fyrst og fremst byggja á erlendum spám um vöxt í ferðamennsku alþjóðlega.
- Gangi spáin gróflega eftir er bakslagið núna tímabundið og langtímahorfur bjartar.

Fjöldi ferðamanna, rauntölur og spá Arev til 2030 frá 11. desember 2019



Heimild: Arev





FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD

# Takk fyrir komuna

Kíkið á viðburði í ferðapjónustu framundan:

<https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/dagatal>

Og á útgáfu Ferðamálastofu hér:

<https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/birtingaraetlun>

